

## **Steyptar einingar**

Smellinn húseiningar eru hágæða íslensk framleiðsla, hönnuð fyrir íslenskar aðstæður. Við leggjum mikla áherslu á að hlusta á þarfir og óskir viðskiptavina okkar og fylgjumst vel með nýjungum á okkar sviði. Við leitum stöðugt nýrra lausna. Og þar sem viðskiptavinir okkar skipta öllu máli leggjum við ofurkapp á þjónustuna.

## **BM Vallá húseiningadeild**

BM Vallá hóf framleiðslu á forsteyptum húseiningum í byrjun árs 1984 og fyrsta verkefnið var að steypa vegg og þakeiningar fyrir eitt af húsum RB (Rannsóknarstofu Byggingariðnaðarins).

Í dag framleiðir BM Vallá húseiningar undir vörumerki Smellinn eftir að Smellinn var keypt árið 2007. Öll framleiðslan fer nú fram á Akranesi þar sem framleiddar eru allar gerð veggja, filegran, holplötur og ýmsar séreiningar

## **Hús byggt úr Smellinn húseiningum - kostir:**

Allur kostnaður við byggingaframkvæmdir getur orðið lægri

Þegar byggt er úr Smellinn húseiningum styttest byggingatíminn, verktakinn þarf færri starfsmenn og undirverktaka og því minnkar kostnaður og framkvæmdin krefst minni yfirbyggingar. Verktakar sem byggt hafa með Smellinn húseiningum eru á einu máli um hagræðinguna sem Smellinn skilar.

Smellinn húseiningar koma nánast fullkláraðar og því þarf færri menn á byggingastað og minna af tækjum og búnaði. Byggingarhraðinn er ekki háður því hvort undirverktakarnir standi sig eða veðráttu. Að auki verður auðveldara að bæta við sig verkefnum á uppsveiflutímum og draga hratt saman seglin í niðursveiflu.

## **Og meira til**

Hjá BM Vallá starfa verkfræðingar, tæknifræðingar, byggingarfræðingar og annað sérhæft starfsfólk með mikla þekkingu á hönnun einingahúsa. Við nýtum okkur bestu aðferðir á hverjum tíma við hönnun burðarþols og lagna, svo sem þrívíddarhönnun. Við leggjum metnað okkar í að vera ávallt í fararbroddi á þessu sviði.

## **Helstu kostir Smellinn eininga:**

1. Stytttri byggingatími = lægri vextir.
2. Færra starfsfólk = einfaldari byggingastjórnun.
3. Minni yfirbygging = lægri fastur kostnaður.
4. Færri undirverktakar = færri árekstrar á byggingastað.
5. Minni óvissa í kostnaði og tíma = nákvæmari áætlanir.
6. Betri árangur og meiri hagnaður = ánægðari eigendur.

## **Lausnir fyrir ...**

- Fjölbýlishús
- Parhús og raðhús
- Einbýlishús
- Iðnaðarhús

Hægt er að reisa einingahús í yfir 20 stiga frosti en staðsteypu aðeins í 5 stiga frosti.

Á meðan framleiðslu hússins stendur er hægt að steypa sökkul og undirbúa allar lagnir sem eiga að fara í grunnin. Þegar sökklar eru tilbúnir geta einingarnar verið tilbúnar til reisningar.

Reising húseininga frá Smellinn á byggingastað tekur skammann tíma. Eftir reisningu er steyp í allar samsetningarraufar. Þegar allur frágangur sem tilheyrir einingaveggjunum er lokið er hægt að byrja á botnplötu og þaki. Öllum veggjum þ.e. út- og innveggjum er skilað tilbúnum til sandspörslunar. Einnig eru allar raflagnir komnar í einingarnar .